



Hafnarfjörður

Krýsuvík – beitarhólf

Minnisblað 200723/HS

Krýsuvíkurhólfíð – one 0909101/0903247

Samningur um Krýsuvíkurhólfíð er frá 2018 og er milli Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Fjáreigendafélags Hafnarfjarðar, Garðabæjar og nágrennis. Samningurinn framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn. Hólfíð er við Krýsuvíkurborg - sunnan Suðurstrandarveggar. Sjá fylgiskjal 1.

Grindavíkurhólfíð – one 1006140

Samningur um Grindavíkurhólfíð er frá 2004 og er á milli Voga, Grindavíkur, Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar. Samningurinn rennur úr gildi október 2024. Hólfíð nær inni öll sveitarfélögin. Sjá fylgiskjal 2.


Hestamannafélagið Sörli - beitarhólf – one 1104099

Samningur um beitarhólf er frá 2012 og er á milli Sörla og Hafnarfjarðarbæ. Samningurinn framlengist sjálfkrafa um 5 ár í senn. Hólfíð er sunnan Kleifarvatns. Sjá fylgiskjal 3.

Landgræðslan hefur í samvinnu við bæinn unnið að uppgæðslu í Krýsuvíkurhólfinu sem og metið ástand þessa allt fram til ársins 2022 (one 2102424). Þessu verkefni var lokið 2022.

Hrossataði hefur verið dreift til uppgæðslu í hólfi Sörla.


Hér má sjá beitarlönd fyrir kindur (www.land.is):





Hafnarfjörður


Beitarhólf Sörla í Krýsuvík fyrir hesta:





Hafnarfjörður

Fylgiskjal 1



HAFNARFJÖRÐUR

Samningur

- um notkun beitarhólfs í landi Hafnarfjarðar við Krísvíkurbjarg –

1.grein

Undirritaðir aðilar, Hafnarfjarðarbær kt: 590169-7579 og Garðabær kt: 570169-6109 og Fjáreigendafélag Hafnarfjarðar, Garðabæjar og nágrennis, kt: 460614-1630 gera með sér eftirfarandi samkomulag um notkun á landi undir sumarreit fyrir sauðfé.

2.grein

Svæðið sem um ræðir er við Krísvíkurbjarg og er sýnt á meðfylgjandi korti. Fjáreigendafélagið fær svæðið til umráða fyrir sauðfjárbreit og er ekki heimilt til annars nema sérstakt leyfi Hafnarfjarðar komi til. Beitarhólfid er aðeins fyrir það fé sem er í vetrarfóðrun í landi Hafnarfjarðar og/eða Garðabæjar.

3.grein

Fjáreigendafélagið ber ábyrgð á svæðinu á gildistíma þessa samnings. Hafnarfjarðarbær í samráði við Landgræðslu ríkisins verður ráðgefandi varðandi beitarþol svæðisins, stýringu beitar og upphaf og lok beartíma. Viðmiðunartími beitar er frá 5. júní til 1. október ár hvert og viðmiðunarfjöldi vetrarfóðraðs sauðfjár er 200 í hólfinu. Viðmiðunartími og fjöldi sauðfjár er háð mati hverju sinni. Breytist viðmið verður það tilkynnt í október fyrir komandi ár. Beitarþol svæðisins er háð áburðargjöf.

Félagið skal tryggja að svæðið verði ekki ofbeitt og skal hlýta fyrir mælum Hafnarfjarðarbæjar varðandi það.

4.grein

Fjáreigendafélagið skal bera allan kostnað og ábyrgð á girðingum við hólfid, bæði uppsetningu og viðhaldi ásamt því að tryggja að girðingar séu fjárheldar á beartímanum. Hafnarfjarðarbær greiðir hlut í viðhaldi girðingarinnar sem liggur meðfram Suðurstrandavegi í samræmi við samning Hafnarfjarðarbæjar við Vegagerðina þar að lútandi dagsettan 7. október 2009. Fjáreigendafélagið skal láta vita fyrir 5. júní ár hvert að búid sé að yfirfara girðingar svo hægt sé að taka út verkið og greiða. Ekki er heimilt að setja upp neinar varanlegar girðingar eða önnur mannvirki á svæðinu, nema með leyfi frá Hafnarfjarðarbæ.

Fjáreigendafélagið ber ábyrgð á réttinni og skal viðhalda henni eins og þarf.

5.grein

Skyld að fara í einu og öllu eftir gildandi samþykkt um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði. Smölun og réttarhald er á ábyrgð Fjáreigendafélagsins.

6.grein

Að leigutíma loknum skal félagið skila svæðinu hreinu, snyrtilegu, grónu og í góðu ásigkomulagi. Að öðrum kosti verður það gert á kostnað leigutaka.

7.grein

Gildistími þessa samnings er 1 ár og tekur hann gildi við undirskrift. Séu ákvæði þessa samnings ekki virt áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til riftunar samnings að undangenginni viðvörðun. Að öðru leyti er samningurinn uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara að beggja hálfu. Komi ekki til uppsagnar framlengist hann sjálfkrafa um 1 ár í senn.

Hafnarfirði 9 Mars 2018

F.h. Hafnarfjarðarbæjar
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Frákvæmda- og rekstrardeild

F.h. Garðabæjar :

Leigutaki :

Vottar :

Jóhanna Elfríða
080477-1967

Ragnheiður Jónsdóttir
230247-2509





Samningur um gerð beitarhólfs fyrir sauðfé.

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Grindavíkurbær, kt. 580169-1559, Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579 og Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649 gera með sér eftirfarandi samning um gerð beitarhólfs og bann við lausagöngu utan afmarkaðra beitarhólfa. Tilgangur samkomulagsins er að auka umferðaröryggi á vegum á Reykjaneskaga og skapa sátt um sauðfjárhald á Reykjanesi.

1. gr.

Beitarhólf fyrir sauðfé

Vegagerðin mun kosta uppsetningu girðingar vegna beitarhólfs sem liggur í meginráttum frá væntanlegum Suðurstrandavegi um Krýsuvíkurheiði norður fyrir Djúpavatn og frá Selhögum austur að Sveifluhálsi og beitarhólfi Hafnarfjarðar í Krísvík. Lausleg áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við uppsetningu girðingarinnar sé um 13 milljónir kr. Lega girðingarinnar er sýnd á meðfylgjandi uppdrætti, sem skoðast sera hluti af samningi þessum. Hólfid verður notað af sauðfjáreigendum í Grindavík, Vatnsleysustrandarhreppi og öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum sem upprekstrarétt eiga. Frágangi girðingar skal lokið fyrir 5. júní 2005. Gerð girðingar og útfærsla er háð samþykki Vegagerðarinnar. Landgræðslan mun sjá um verklega framkvæmd uppsetningar. Áður er framkvæmdir hefjast skal liggja fyrir nákvæm kostnaðaráætlun sem samþykkt er af Vegagerðinni.

2. gr.

Bann við lausagöngu búfjár

Grindavíkurbær skuldbindur sig til að koma á samþykkt um bann við lausagöngu búfjár utan afgirta beitarhólfa sem nú eru í notkun og hólfsv. 1. gr. samningsins, sbr. 6. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002, og skal það hafa tekið gildi eigi síðar en 1. janúar 2005. Kostnaðarpáttaka Vegagerðarinnar samkvæmt samningi þessum er háð þeim fyrirvara að Grindavíkurbær viðhaldi banni við lausagöngu búfjár innan síns lögsagnarumdæmis. Verði banni ekki að fullu komið á sv. 1. mgr. eða verði því aflétt að einhverju leyti endurgreiðir Grindavíkurbær Vegagerðinni kostnað hennar vegna uppsetningar girðingar sem hér segir: Verði banni ekki komið á innan eins árs endurgreiðist girðingin að fullu. Ef bann er fellt úr gildi innan 5 ára frá gildistöku banns endurgreiðast 70%, innan 10 ára endurgreiðast 50%, innan 15 ára endurgreiðast 25% og innan 20 ára endurgreiðast 0%. Samþykkt um bann við lausagöngu búfjár í Vatnsleysustrandarhreppi tók gildi 25. mars 1991.

3. gr.

Viðhald girðinga

Grindavíkurbær sér um viðhald girðingar en getur falið Landgræðslunni eða öðrum aðila að annast framkvæmd.

Kostnaður við viðhald girðingar skiptist þannig að hlutur Vegagerðar er 75% og Grindavíkurbæjar 25%. Hlutur annarra sveitarfélaga fer eftir nánari samkomulagi við Grindavíkurbær.

Hafnarfjarðarbær sér um kostnað við viðhald á þeim hluta girðingar sem er í Hafnarfjarðarhólfi. Sveitarfélögin skulu hafa eftirlit með ástandi annarra beitarhólfa og bæta úr ef nauðsynlegt er, á kostnað landeigenda, sbr. 1. mgr. 39. gr. vegalaga nr. 45/1994.

Um beitarhólf í Vatnsleysustrandarhreppi neðan Reykjanesbrautar gildir samkomulag milli Landgræðslu ríkisins, Vegagerðarinnar, Vatnsleysustrandarhrepps og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 15. maí 1992.



Hafnarfjörður

4. gr.

Eftirlit og handsömun búfjár

Sveitarfélögin skulu hafa eftirlit með að búfjáreigendur virði bann við lausagöngu búfjár. Korri í ljós að búfé gengur laust, þ.m.t. á vegsvæðum, bera sveitarfélögin sameiginlega ábyrgð á að sjá til þess að það sé handsamað og afrent eigendum sínum eða ráðstafað á annan hátt á kostnað eigenda. Heimilt er þó að reka fé í hólfið að vori og úr hólfi að hausti til réttar í Grindavík.

5. gr.

Ágreiningur, gildistími o.fl.

Mál vegna sammings þessa skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Aðilar eru sammála um að þrátt fyrir bann við lausagöngu og skerta notkun á landi, skerðir það á engan hátt tilkall manna til eignarréttar á landi sem ágreiningur hefur verið um.

Hluti beitarhólsins liggur á landsvæði þar sem óvissa er um landamerki milli Grindavíkurbæjar og Vatnsleysustrandarhrepps. Það skal tekið fram að girðing hólsins ræður engu um landamerki.

Þau sveitarfélög á Suðurnesjum sem upprekstrarrétt eiga í Krísvík eiga kost á að setja fé í hólfið samkvæmt nánara samkomulagi um rekstur hólsins og beitarþol.

Af samningi þessum eru gerð 5 samhljóða eintök.

Gildistími sammingsins er 20 ár og fellur þá úr gildi nema samið sé um annað.

26 október 2004.

F.h. Grindavíkurbæjar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar


F.h. Vegagerðarinnar

F.h. Vatnsleysustrandarhrepps.

Með fyrirvara um óvissu um landamerki.



Hafnarfjörður





HAFNARFJARÐARBÆR Framkvæmdasvið

Samningur

- um notkun beitarhólfs í landi Hafnarfjarðar við Kleifarvatn -

1.grein

Undirritaðir aðilar, Hafnarfjarðarbær kt: 590169-7579 og Hestamannafélagið Sörli kt: 640269-6509 gera með sér eftirfarandi samkomulag um notkun á landi undir beit fyrir hesta.

2.grein

Svæðið sem um ræðir er við Kleifarvatn og merkt sem svæði nr 11 á meðfylgjandi korti. Það er um 420 hektarar að stærð og er skilgreint sem beitarhólf á aðalskipulagi. Hestamannafélagið Sörli fær svæðið til umráða fyrir beit á hestum og er ekki heimilt til annars nema sérstakt leyfi Hafnarfjarðar komi til.

3.grein

Hestamannafélagið Sörli ber ábyrgð á svæðinu á gildistíma þessa samnings. Hafnarfjarðarbær í samráði við Landgræðslu ríkisins verður ráðgefandi varðandi beitarþol svæðisins, stýringu beitar og upphaf og lok beirtartíma. Viðmiðunartími beitar er frá 15. júní til 15. desember og viðmiðunarfjöldi hrossa er 100. Viðmiðunartími og fjöldi hesta er háð mati hverju sinni. Félagið skal passa sérstaklega að svæðið verði ekki ofbeitt og skal hlýta fyrir mælum Hafnarfjarðarbæjar í þeim málum.

4.grein

Skylt að fara í einu og öllu eftir samþykkt um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær stýrir allri dreifingu áburðar á svæðinu í samráði við Hestamannafélagið Sörli og ekki er leyfilegt að dreifa eða geyma neins konar áburð/skít á svæðinu nema með leyfi Hafnarfjarðarbæjar.


5.grein

Hestamannafélagið Sörli sér um allan kostnað af girðingum utan um og inni hólfinu, bæði uppsetningu og viðhaldi. Ekki er heimilt að setja upp neinar varanlegar girðingar eða önnur mannvirki á svæðinu. Þó leigutaki fari í uppgræðslu/uppbyggingu á svæðinu mun það Hafnarfjarðarbær ekki bera neinn kostnað af því, hvorki á leigutímanum né að honum loknum.


Að leigutíma loknum skal félagið skila svæðinu hreinu, snyrtilegu, grónu og í góðu ásigkomulagi. Að öðrum kosti verður það gert á kostnað leigutaka.

6.grein

Gildistími þessa samnings er 5 ár og tekur hann gildi við undirskrift. Séu ákvæði þessa samnings ekki virt áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til riftunar samnings að undangenginni

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13. 4. 2012
Málsnr:	0903247
Bréfal:	644

Hafnarfjarðarbær
Framkvæmdasvið
Norðurhella 2, 221 Hafnarfjörður
s: 585 5600, símbréf 585 5639

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13. 4. 2012
Málsnr:	1104099
Bréfal:	647



Hafnarfjörður

viðvörðun. Að öðru leyti er samningurinn uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara að beggja hálfu. Komi ekki til uppsagnar framlengist hann sjálfkrafa um 5 ár í senn.

Hafnarfirði 27. jan 2012

F. hf. Hafnarfjarðarþéttgjafar
Hafnarfjarðarþéttgjafar
Sýsla og framkvæmdastofa

Vottar

Ismael Þor

Leigutaki

Magnús Sigmundsson